

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 619/2017 um samræmda afhendingu og miðlun upplýsinga um flutninga á sjó.

#### 1. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þann 15. ágúst 2025 öðlast gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1239 frá 20. júní 2019 um að koma á sameiginlegri gátt fyrir siglingar í Evrópu og um niðurfellingu á tilskipun 2010/65/ESB. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2022 frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 658-681.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. og 3. mgr. 16. gr. c og 1. mgr. 17. gr. laga um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 27. maí 2022.*

F. h. r.

**Ragnhildur Hjaltadóttir.**

*Eggert Ólafsson.*